

Fundargerð 12. fundar

Föstudaginn 2. október 2020 var haldinn 12. fundur verkefnishóps um Sveitarfélagið Suðurland.

Fundurinn var haldinn í fjarfundi í gegnum Zoom.

Fundinn sátu:

- Anton Kári Halldórsson, formaður
- Ágúst Sigurðsson
- Ásta Berghildur Ólafsdóttir
- Bjarki V. Guðnason, varamaður
- Björk Grétarsdóttir
- Christiane L. Bahner
- Egill Sigurðsson
- Einar Freyr Elínarson
- Eva Björk Harðardóttir
- Lilja Einarsdóttir
- Margrét Harpa Guðsteinsdóttir
- Sandra Brá Jóhannsdóttir
- Valtýr Valtýsson
- Þorbjörg Gísladóttir

Arndís Harðardóttir og Páll Tómasson boðuðu forföll. Bjarki V. Guðnason mætti fyrir Skaftárhrepp.

Auk kjörinn fulltrúa sátu fundinn Róbert Ragnarsson og Jón Hrói Finnsson, verkefnisstjórar.

Jón Hrói ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 8.45

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 11. fundar var borin upp og samþykkt án athugasemda.

2. Starfshópar

Framhald umræðu frá síðasta fundi.

Til viðbótar við gögn síðasta fundar voru lögð fram minnisblað starfshóps um fjármál og stjórnsýslu og minnisblöð verkefnishópsins frá því í vor um atvinnu- og byggðamál og sameiginlega hagsmuni gagnvart ríki og Alþingi.

Jón Hrói og Róbert fóru yfir minnisblað starfshóps um fjármál og stjórnsýslu og minnisblað um atvinnu og byggðamál.

Egill kallaði eftir nánari umfjöllun um byggðasamlög og samstarfsverkefni í minnisblaðinu um fjármál og stjórnsýslu með hliðsjón af nýlegar athugasemdum ráðuneytis við samþykktir byggðasamlaga. Rætt um að betur mætti koma fram hvaða valdaframsal og lýðræðishalli felst í samstarfi í byggðasamlögum. Sveitarfélög eiga ekki alltaf öll fulltrúa og aðkoma sveitarstjórna er takmörkuð. Mikilvægt að gera íbúum grein fyrir afleiðingum samstarfsverkefna á umboðskeðjuna. Christiane benti á að í gögnunum er mikið gert ráð fyrir að sveitarfélögin sameinist öll. Æskilegt væri að það kæmi betur fram að möguleikar eru á að ekki öll sveitarfélögin ákveði að sameinast.

Ágúst benti á að setja mætti fram tölur um umfang og þróun ferðaþjónustu líkt og gert er um landbúnað í minnisblaði um atvinnu- og byggðamál.

Umræðu um öryggismál og brunavarnir er frestað til næsta fundar og slökkvistjórar verða boðaðir til fundarins.

3. Næstu fundir verkefnishóps

Ákveðið að næsti fundur verkefnishópsins verði fjarfundur þann 9. október nk. kl. 8:30-10:00.

Á fundinum verði drög að kynningu á íbúafundum rædd ásamt tæknilegri útfærslu rafrænna íbúafunda.

Þá verði stöðumat á kostnaði við verkefnið og ákvörðun um greiðslu nefndalauna.

Formaður sleit fundi kl. 10:00.